

**160. fundur**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn**  
**22. september 2021 og hófst hann kl. 11:00.**

**Fundinn sátu:**

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður, Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður og Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011**

Atvinnu- og menningarmálanefnd endurskoðar Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsráðgjafi Ísafjarðarbæjar, mætir til fundar við menningarmálanefnd til að ræða breytingar á Aðalskipulagi og aðkomu nefndarinnar vegna þess.

*Vinna og framkvæmd við aðalskipulagsgerð sveitarfélagsins rædd, sérstaklega hvað varðar uppfærslu á menningarstefnu Ísafjarðarbæjar.*

**Gestir**

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, ráðgjafi í skipulagsmálum - 11:00

**2. Skýrslur ferðamála á Þingeyri - 2020090099**

Lögð fram til kynningar skýrsla Jónínu Hrannar Símonardóttur, formanns Handverkshópsins Koltru, dags. 10. september 2021, vegna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri fyrir árið 2021.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Styrkir til menningarmála 2020 - 2020010033**

Lagðar fram greinargerðir með upplýsingum um framkvæmdir tveggja menningarverkefna sem hlutu styrk í síðari úthlutun 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Styrkir til menningarmála 2021 - 2021020098**

Teknar eru til afgreiðslu umsóknir um menningarstyrk vegna síðari úthlutunar 2021.

*Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir menningarmála, vegna síðari úthlutunar*

2021. Alls bárust 18 umsóknir.

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna haustúthlutunar 2021. Menningarmálanefnd samþykkir að úthluta menningarstyrkjum, samtals að fjárhæð kr. 900.000,- til eftirfarandi umsækjenda:

Fjölnir Már Baldursson - Alþjóðleg kvikmyndahátíð á Ísafirði og nágrenni (The Pigeon International Film Festival)- kr. 200.000

Gunnar Jónsson - Myndlistartvíæringurinn Sequences á Ísafirði - kr. 75.000

Halldóra Jónasdóttir - Uppsetning söngleikjar fyrir börn - kr. 200.000

Háskólasetur Vestfjarða - Málþing um vestfirskar bókmenntir og tónlist (Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða) - kr. 125.000

Heimabyggð - Virk hlustun á Veturnóttum 2021 - kr. 200.000

Pétur Albert Sigurðsson - Tónsmiðja fyrir börn á Þingeyri - kr. 100.000

#### 5. Styrkir til menningarmála 2020 - 2020010033

Lögð fram beiðni Bergþórs Pálssonar um að fá frest til að nýta styrk sem veittur var í síðari úthlutun menningarstyrkja 2020, en umræddur styrkur var að fjárhæð kr. 80.000. Ekki tókst að nýta styrkinn vegna Covid-19 samkomutakmarkana.

Menningarmálanefnd samþykkir að heimila Bergþóri Pálssyni að nýta styrk sinn að fjárhæð kr. 80.000 síðar veturinn 2021-2022 vegna aðstæðna.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10**

---

Ásgerður Þorleifsdóttir

---

Inga María Guðmundsdóttir

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Tinna Ólafsdóttir

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir